

Borgarráð 28. nóvember 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úthlutun lóðarinnar að Háaleitisbraut 1 MSS24110187

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvenær fékk Sjálfstæðisflokkurinn lóðina Háaleitisbraut 1? Hvaða meirihluti var þá í Reykjavík? Á hvaða verði var lóðin seld? Með hvað skilmálum fékk flokkurinn lóðina? Var það t.d fyrir stjórnmalastarfsemi? Hvers vegna var lóðin það stór að hægt er að selja stóran hluta af henni til almennra byggingaframkvæmda? Hver er mismunur á upphaflegu lóðaverði og því verði sem lóðahlutar hafa verið seldar á síðustu misseri?

Greinargerð

Athygli vakti þegar að bensínstöðvum var heimilt að selja byggingarrétt gegn því að hluta að hætta bensínstöðvustarfsemi. Einnig hefur verið gagnrýnt að RÚV hefur selt byggingarétt á lóð sinni við Efstaleiti, en þeirri lóð mun hafa verið úthlutað til RÚV með starfsemi þeirrar stofnunnar í huga en ekki til að framselja til annarra. Þá vakna upp spurningar um lóðina þar sem Valhöll Sjálfstæðisflokksins er. Þar hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið að selja byggingarrétt til annarra gegn háu verði.